

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/357**

2017/EES/67/16

frá 28. febrúar 2017

**um að samþykkja ekki virka efnid sýklanilípról í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Austurríki umsókn frá ISK Biosciences Europe N.V. 19. desember 2013 um samþykki fyrir virka efninu sýklanilípróli.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti skýrslugjafaraðildarríkið umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 17. janúar 2014.
- 3) Áhrif þessa virka efnis á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið hafa verið metin, í samræmi við ákvæði 2. og 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugar. Skýrslugjafaraðildarríkið lagði fram drög að matsskýrslu 1. apríl 2015.
- 4) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar um áhættumatið á varnarefnum með virka efninu sýklanilípróli <sup>(2)</sup> fyrir framkvæmdastjórnina 6. apríl 2016.
- 5) Í bréfi dagsettu 28. september 2016 dró ISK Biosciences Europe N.V. umsókn sína um samþykki fyrir sýklanilípróli til baka. Þar sem umsóknin var dregin til baka ætti ekki að samþykkja sýklanilípról skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 6) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna fyrir sýklanilípról skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Virkt efni ekki samþykkt**

Virka efnid sýklanilípról er ekki samþykkt.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 54, 1.3.2017, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2017 frá 22. september 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(4), 4452. Aðgengilegt á Netinu: [www.efsa.europa.eu](http://www.efsa.europa.eu)

2. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---